

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Dagverðarnesi, svæði 1 og Hvammsskógum neðri í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti þann 3. febrúar 2014 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

Frístundabyggð í Dagverðarnesi, svæði 1, lóð nr. 17.

Breytingin felur í sér að byggingarmagn á lóð er aukið úr 59,5 m² í 89,5 m². Heimilt verði að byggja við frístundahús og að byggja gufubað með geymslu.

Frístundabyggð í Hvammsskógum neðri, lóð Hvammsskóga 43.

Breytingin felur í sér að hámarksstærð frístundahúss er 187,5 m², en var 120 m² fyrir breytingu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Skorradal, 4. febrúar 2014.

F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps,
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir skipulagsfulltrúi.